



# Grunnskóli Fjallabyggðar

## Námsval vorönn 2023, útskýringar

### Val A (tímabilið frá áramótum og fram á vor, 1 klst á viku)

**Prjónað og heklað (María Sölva):** Bæði fyrir byrjendur og lengra komna, allir fá verkefni við sitt hæfi. Einföld verkefni fyrir þá sem lítið kunna en langar að spreyta sig og byrja frá grunni.

**Skólahreysti/ræktin (Hallgrímur):** Í líkamsræktarvali förum við yfir tæknina í helstu lyftunum: hnébeygja, réttstöðulyfta, bekkpressa o.fl. og vinnum að því að gera einstaklingsmiðuð prógröm fyrir hvern og einn sem miða að markmiðum hvers og eins. Eins verður sér prógrömm fyrir þá nemendur sem æfa fyrir Skólahreysti og þeir nemendur koma einnig til með að fara í salinn í sérstakar æfingar þar.

**Boltaíþróttir (Mæja Leifs):** Að nemendur fái að kynnast og spila hinar ýmsu boltagreinar og læra leikreglur. Áhersla er á að auka færni í boltameðferð og leikskilningi. Mikið spilað.

**Fatahönnun(Brynhildur):** Nemendur teikna og hanna sína eigin flík frá grunni út frá ferli og hugmyndavinnu fatahönnunar. Unnið verður með skissubók þar sem sýna þarf fram á þróunarferli frá hugmynd til hönnunar. Nemendur læra máltöku, sníðagerð, umhirðu véla og mismunandi ferli hönnunar bæði með og án gínu og hvernig er hægt að nota draperingu í sníðagerð. Flíkin er unnin í léreft og gerðar eru breytingar eftir máli áður en hún er fullunnin í því formi sem hún á að vera. Mat verður lagt á vandvirkni, hönnunarferli, skyssubók, prufum og 1 flík. Áætlað er að farið verði eina vettvangaferð yfir veturinn. Í lok áfangans eiga nemendur að geta unnið með grunnsnið, gert breytingar eftir máli og fullunnin flík eftir hugmynd.

**Fiðringur – hæfileikakeppni (Dóra og Sigga Salla):** Um er að ræða undirbúning undir hæfileikakeppnina *Fiðring* sem er hæfileikakeppni grunnskóla á norðurlandi. Lokakeppnin fer fram í Hofi í byrjun maí en undankeppnir verða í lok apríl. Bæði þarf nemendur sem eru tilbúnir að stíga á svið auk sviðsmanns, tæknimanns og fleira.

**Þátttaka metin:** Nemendur fá metna tómsundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.

## Val B og C (tvö tímabil í hvoru vali fram á vor)

**Fab lab límmiðar (Brynhildur):** Í þessu vali munum læra vinna með inkscape og þá möguleika sem límmiðagerð veitir. Nemendur læra á mismunandi límmiða og möguleikana með notkun þeirra t.d. veggmiðar vs/ fatalímmiðar og hvernig er hægt að nota límmiða í silkiprent.

**Spilaval (Dóra):** Nemendur mæta í spilasmíðju einu sinni í viku. Nemendur fá að kynnst nokkrum tegundum spila, t.d. samvinnu-, samskipta- og handspilum.

**Hugleiðsla (Arnheiður):** Í hugleiðslu koma nemendur sér vel fyrir og æfa sig í núvitund og samkennd. Það felur í sér að einbeita sér að augnablikinu með ásetningu og án þess að dæma. Þjálfun í núvitund getur haft jákvæð áhrif á almenna líðan og dregið úr streitu, kvíða og depurð.

**Hollt, gott og einfalt (María Sölva):** Búum til holla og bragðgóða rétti, millimál og orkubita, breytum uppskriftum og gerum þær hollari. Lærum að lesa á umbúðir og velja okkur frekar það sem er hollara. Prófum að gera glutenlaust, grænmetis og veganrétti.

**Matargerð (María Sölva):** Í þessum áfanga ætlum við að elda góðan mat og borða saman. Nemendur semja sjálfir tvírétta matseðl, læra að áætla magn og gera innkaupaáætlun. Þjálfun í faglegum vinnubrögðum og góðu vinnuskipulagi ásamt því að læra að leggja fallega á borð.

**Fjármálafræðsla (Silla Guðna):** Markmiðið er að auka fjármálalæsi nemenda svo þeir verði upplýstari og meðvitaðri neytendur. Skoðað verður hvað það kostar að vera unglingur í dag. Einnig verður farið í ýmis hugtök s.s. persónuafslátt, laun, sparnað, stéttarfélög og lífeyrisréttindi. Námsmat byggir á ástundun, virkni í tímum og verkefnavinnu.

**Freestyle-dans (Sylvie):** Freestyle er bæði einstaklings- og hópdansar, þar sem nemendur læra taktvísi við nútímatónlist, dansspuna og danshönnun. Áhersla er lögð á tækni, styrk og liðleika.

**Rafíþróttir (Hallgrímur):** Tímarnir verða byggðir svipað upp eins og æfingar í rafíþróttum þar sem lögð verður áhersla á heilbrigða spilahætti, samvinnu, samskipti og liðsheild. Tímarnir fara fram í MTR.

**Smíðaval (Kristín):** Nemendur læra að smíða einfaldan hluti að eigin vali í samstarfi við kennara. Nemendur koma með hugmynd og útfæra hana með því að skissa upp hlutinn sinn, geta séð fyrir sér hvernig á að vinna hann og skipulagt sig samkvæmt því. Nemendur læra að umgangast vélar, tæki og tól af virðingu og nákvæmni.

**Heimavinnuaðstoð (Guðrún):** Hér gefst nemendum kostur á að vinna heimavinnuna sína og fá til þess aðstoð. Ef nemendur hafa engin heimavinnuverkefni geta þeir unnið áfram í áætlunum sínum.

**Handavinna (Brynhildur):** Í þessum tímum verður unnið í margskonar handavinnu, nemendur fara í hugmyndavinnu og skipuleggja vinnu sína eftir áhugasviði í handmennt hvort sem það er á sviði fatasaums, þrjón, hekl, útsaum eða hvað annað sem nemandi vill taka sér fyrir hendur.

**Tímavélin (Birgitta):** Markmið námskeiðsins er að leika sér með söguna, kafa dýpra í það sem gerðist ásamt því að velta fyrir sér hvernig hún hefði getað orðið. Fjöldmörg og ólík atriði verða skoðuð en einnig er rými fyrir áhugasvið nemenda til að skína í gegn. Kennslustundir verða fjölbreyttar og miða að því að tímarnir séu lifandi og skemmtilegir. Nemendur kynnast ólíkum atburðum og persónum í sögunni, horfi gagnrýnum augum á söguna og taki þátt og þjálfist í umræðum og samræðu.

**Kvikmyndir og heimspeki (Birgitta):** Horft verður á kvikmyndir sem tengjast ýmsum mikilvægum viðfangsefnum tilverunnar. Í námskeiðinu þjálfast nemendur í að horfa gagnrýnum augum á dægurmiðla og sjá að oft er hægt að sjá meira en virðist í fyrstu. Við horfum og ræðum í tímum. Dæmi um myndir sem verða mögulega fyrir valinu: Black Mirror, Bandersnatch, Inception, Interstellar, Matrix, Minority Report o.fl. Nemendur þjálfu gagnrýna hugsun, samræðufærni, virka hlustun, virðingu fyrir skoðunum annarra og rökgleikni.

**Skapandi skrif (Birgitta):** Nemendur geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og verið óhrædd við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun. Nemendur spreyta sig í skapandi skrifum ásamt því að læra undirstöðuatriði þeirrar vinnu undir leiðsögn kennara.

**Myndlistarval (Birgitta):** Margbreytileiki í myndlist. Unnið verður með teikningu, málun og farið yfir listasöguna. Markmiðið er að nemendur kynnist fjölbreyttum aðferðum við sjónræna sköpun sem eflir þá í sjálfstæði í vinnubrögðum. Lögð er áhersla á gagnrýna og skapandi hugsun með samræðum við nemendur um þeirra eigin verk og annarra. Nemendur fá fræðslu í listasögu samhliða verkefnavinnu og er sjónum beint að gagnrýnu hlutverki sjónlista í samfélaginu. Í lokskólaársins vinna nemendur að lokaverkefni að eigin vali og nota það efni sem þeir hafa mestan áhuga á. Gerð er krafa um sjálfstæð vinnubrögð.

**Eurovision (Birgitta):** Farið verður yfir sögu Eurovision frá A til Ö. Sjúklega skemmtilegur áfangi fyrir þá sem hafa áhuga á Eurovision og tónlist.

**Aðstoð í frístund (grunnskólinn):** Nemendum gefst kostur á að aðstoða og fylgjast með starfinu í frístund GF þar sem nemendur 1.-4. bekkjar eru við leik og störf. Oft er um að ræða spil, fönður, frjálsan leik og útivist. Nemendur í þessu vali taka rútu til Siglufjarðar og klára daginn þar.

**Aðstoð á leikskóla (Leikskólar/Leikhólar):** Nemandi mætir í leikskólann þar sem hann fær að kynnast starfi leikskólakennarans. Nemandi hjálpar til við hin ýmsu störf og kynnist venjum og háttum skólans. Valið fer fram bæði á Siglufirði og Ólafsfirði.

**Ísfell – netagerðarverkstæði:** Nemandi mætir á netagerðarverkstæðið Ísfell í Ólafsfirði og fær að kynnst þeirri starfsemi sem þar fer fram og læra undirstöðuatriði í netagerð undir handleiðslu netagerðarmeistara.

**MTR – blak:** Áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er blak fyrir krakka og unglunga upp að 18 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfa ýmis grunntækniatriði, s.s. fingurslag, fleyg, uppgjöf, smass ásamt leikfræði (staðsetningar o.fl.) og reglum greinarinnar. Skóla- og mætingarreglur MTR gilda í þessum tímum. Einingafjöldi 2.

**MTR – bandý og badminton:** Viðfangsefni áfangans er bandý og badminton og áfanginn er að mestu verklegur þar sem áherslan er á báðar íþróttgreinarnar fyrir byrjendur upp að 16 ára aldri. Í áfanganum verður farið í grunnatriði greinarinnar og nemendur þjálfa ýmis grunntækniatriði s.s. knattrak, sendingar, skot og gabbhreyfingar. Langa og stutta bolta, staðsetningar og einliða- og tvíliðaleik. Skóla- og mætingarreglur MTR gilda í þessum tímum. Einingafjöldi 2.

**Þátttaka metin:** Nemendur fá metna tómsundaiðkun utan skóla í staðin fyrir valgrein. Nemendur þurfa að skila inn staðfestingu frá viðkomandi tómsunda- eða íþróttafélagi við upphaf annarinnar ásamt samþykki frá forráðamanni. Eyðublað þess efnis fylgir með valseðlinum.